

BRÁÐABIRGÐALÖG

43

27. maí

um breyting á 1. mgr. 39. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að þar sem ákvæði kosninga-laganna um bókstafsmerkingu landslista og lista í kjördæmum, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, miði að því, að um þetta sé sem föst-ust skipan, þyki í beztu samræmi við það, að kveða svo á, að eldri stjórn-málaflókkar haldi listabókstaf sínum, en listar nýrra flokka verði merktir í áframhaldandi stafrófsröð eftir heiti þeirra.

Fyrir því eru hér sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrár-innar á þessa leið:

1. gr.

1. mgr. 39. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, orðist svo:

Þegar úrskurðað er, hverjir landslistar verði í kjöri, merkir landskjörstjórnin landslista hinna eldri flokka sama bókstaf og þeir höfðu síðast og landslista nýrra flokka í áframhaldandi stafrófsröð, eftir þeirri röð, er heiti þeirra stjórnmalaflokka verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. maí 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

AUGLÝSING

44

30. júní

um samkomulag varðandi réttarstöðu Norður-Atlantshafsbandalagsins, fulltrúa hjá því og starfsliðs þess.

Hinn 11. maí 1953 var utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna afhent fullgildingar-skjal Íslands að samkomulagi varðandi réttarstöðu Norður-Atlantshafsbandalagsins, fulltrúa hjá því og starfslið þess, er undirritað var fyrir Íslands hönd í Ottawa 20. september 1951.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 30. júní 1953.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.